

---

# DEILISKRÁNING AÐ EYRI Í KJÓS

## ÍBÚA- OG FRÍSTUNDABYGGÐ Í SVEIT

---



**RITSTJÓRAR: SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK & KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR**  
HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, BRYNJA ÁRNADÓTTIR, KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR &  
SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK

---

REYKJAVÍK 2023  
FS967-23441

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumynd er af tóft GK-326:034, horft til norðausturs.*

*Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

VEFSÍÐA: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornminja innan marka tveggja byggingareita (60 ha alls) beggja vegna Hvalfjarðarvegur í landi Eyri í Kjósarhreppi (GK-326) í tengslum við endurskoðun deiliskipulags vegna nýrrar íbúabyggðar á svæðinu. Reitirnir eru staðsettir um 1 km austan hins gamla bæjarstæðis, á landsvæði sem lítið hefur verið umbylt á 20. og 21. öld. Við úttektina í nóvember 2023 voru mældar upp tvær leiðir (GK-691:016 og 017) sem merktar eru á Herforingjaráðskort Dana norðan Hvalfjarðarvegur innan reits A og fjórir lítt þekktir minjastaðir (GK-326:034-037) sunnan vegar, stutt vestan Silungalækjar í suðaustur horni reits B, m.a. líklegt heystæði. Fimm aðrir þekktir minjastaðir (GK-326:005-006, 011-012 og 020), t.d. rústaþyrping á Stekkjarhól og skemmutóft niðri við sjó, voru einnig mældir upp til að varpa skýrara ljósi á umfang þeirra og nákvæma staðsetningu, en allir eru þeir utan svæðis.

*Efnisorð:* Fornleifaskráning, deiliskráning, stekkur, skemma, heystæði, leiðir, Eyri, Kjós, Fornleifastofnun Íslands

## Summary

This report presents the findings of a detailed survey carried out in November 2023 within two potential building plots (A and B, 60 ha in total) on both sides of Hvalfjörður road, on fairly pristine land historically belonging to the farm Eyri in Kjósarhreppur (GK-326). Two known horse tracks, or routes, were surveyed in plot A and four less known archaeological sites, including a possible hay stack, were surveyed in the southwest quadrant of area B. Five other previously known sites were also plotted, including the ruins of a sheep fold and a storage house, but they are all outside the demarcated building plots.

*Keywords:* Archaeology, detailed survey, sheep fold, storage house, hay stack, horse tracks, Eyri, Kjós, Institute of Archaeology in Iceland






## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| I. Inngangur.....   | 1  |
| II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf .....                             | 3  |
| III. Aðferðir við fornleifaskráningu .....                                | 5  |
| IV. Fornleifaskrá.....  | 7  |
| GK-326 Eyri (Hvalfjarðareyri) .....                                       | 7  |
| GK-691 Fornarleifar á fleiri en einni jörð í Kjósarhreppi.....            | 18 |
| V. Samantekt um sögu svæðis og fornleifar innan deiliskipulagsreits ..... | 20 |
| VI. Niðurstöður og umræða.....  | 25 |
| Heimildir .....   | 27 |
| Viðauki I: Hnitaskrá ISN93.....   | 29 |
| Viðauki II: Minjakort .....   | 31 |



## I. Inngangur

Í nóvember 2023 tók Fornleifastofnun Íslands að sér fornleifaskráningu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í landi Eyrar í Kjósarhreppi fyrir hönd landeigenda. Úttektarsvæðið er um 1 km austan við gamla bæjarstæði Eyrar sem verið hefur í eyði síðan snemma á 20. öld. Svæðið skiptist í tvo reiti A og B, norðan og sunnan við Hvalfjarðarveg sem samanlagt eru um 60 ha og ná þeir frá fjöruborði í norðri upp undir fjallsrætur Eyrarfjalls í suðri. Svæðið er ætlað fyrir nýja íbúabyggð í sveit sem nefnist Eyri – byggð í sveit, og verið er að ganga frá nýju deiliskipulagi í samvinnu við Kjósarhrepp.



*Staðsetning úttektarsvæða í landi Eyrar. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðisins sýnd á Íslandskorti.*

Úttektarreitur A er fast neðan Hvalfjarðarvegar og nær frá Hvalfjarðarvegi norður að sjó. Reiturinn afmarkast af Silungalæk í austri (vestari lækur úr Galtargili) og girðingu í Borgarhólum í vestri. Reitur B er fast ofan Hvalfjarðarvegar og nær upp undir rætur Eyrarfjalls í suðri. Hann er afmarkaður svipað og reitur A, að hluta af Silungalæk í austri og að hluta af girðingu sem liggur yfir Stekkjarhól og upp upp í fjallshlíð í vestri.

Áður en deiliskráning hófst 2023 á reitum A og B hafði Birna Lárusdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands þegar aðalskráð Eyrarjörðina árið 2006 fyrir hönd landeigenda og var þá einnig gerð nákvæm deiliskráning sunnan Hvalfjarðarvegur austur að Borgarhólum. Árið 2008 var þessi fyrri skráning Eyrar endurskoðuð í aðalskráningu Kjósarhrepps.<sup>1</sup> Á þessum tímavarki voru minjar ekki mældar nákvæmlega upp líkt og gert er ráð fyrir í minjalögum í dag. Að ósk Minjastofnunar Íslands (úrskurður MÍ202306-0124/6.09/ÞH, 7. júlí 2023) var eldri skráning endurskoðuð á minjum sem áður höfðu verið skráðar á úttektarsvæðinu og næsta nágrenni þess. Að auki var úttektarsvæðið tekið út með kerfisbundinni leit að fleiri minjum. Allar minjar voru mældar upp og skráðar með nákvæmum hætti. Snjóföln var yfir öllu svæðinu þegar vettvangsrannsókn fór fram en þó var snjórin ekki það mikill að það kæmi að sök við vettvangsúttekt. Alls voru skráðar 14 fornleifar á 11 minjastöðum á og við úttektarsvæðið. Um skráningu á vettvangi sáu Brynja Árnadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólveig G. Beck. Um úrvinnslu og skýrslugerð sáu Sólveig G. Beck og Kristjana Vilhjálmsdóttir.

Deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar eru byggðar upp á þann hátt að á eftir inngangi er stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd í öðrum kafla og í þriðja kafla er farið yfir þá aðferðafræði sem notuð er við slíkar úttektir. Í fjórða kafla er fornleifaskrá og ítarlegar upplýsingar yfir allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitanna tveggja, sem og þær minjar sem staðsettar eru rétt utan reitanna og ekki höfðu verið mældar upp í eldri skráningum. Í fimmta kafla er samantekt yfir sögu og minjar svæðisins og í sjötta kafla eru teknar saman helstu niðurstöður. Aftast er loks heimildaskrá og í viðauka eru kort sem sýna rannsóknarsvæði og staðsetningar á skráðum minjum.

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir, 2006; Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008, bls. 34-45.

## II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.




### III. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SP, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001\_01). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens    Númer fornleifar á tiltekinni jörð    Sérheiti    Tegund    Hlutverk    Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn    **SP-175-009**    **Sveinshlaða**    **tóft**    **hlaða**    **E: 528751 N: 352323**



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguveggar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Öp virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar    → Hættu sem stöðjar að fornleif

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og

síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.










Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Miðað var við þá meginreglu að allir minjastaðir innan úttekarsvæðisins teldust í hættu vegna framvæmda. Ef helgunarsvæði minjastaðar náði inn á úttekarsvæði taldist hann einnig í hættu. Minjastaðir innan við 15 m frá fyrirhuguðum vegslóðum og borplönnum töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þær sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttekarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

| Skýringar á uppmælingum   |                    |   |
|---|--------------------|---|
|  | Mörk úttekarsvæðis |  Torf              |
|  | Fornleif           |  Torf og grjót     |
|  | Grjót              |  Kantur           |
|  | Þúst               |  Leið             |
|   |                    |  Leið af loftmynd |

*Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.*

## IV. Fornleifaskrá

### GK-326 Eyri (Hvalfjarðareyri)

40 hdr. 1705. JÁM III, 393. 30 hdr. 1847. JJ, 99. Hálfkirkja var á jörðinni.

Landnámsjörð Svartkels, sem fyrst bjó að Kiðafelli en flutti síðar að Eyri. ÍF I, 56-57, 74.

1198 er jarðarinnar getið í Sturlungu þar sem rætt er um Ketil Eyjólfsson og Ljót son hans er þar bjuggu. Sturlunga I, 235.

Elsta heimild um kirkju á Eyri er í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200. DI XII, 9.

Næst er kirkjunnar getið í máldaga Saurbæjarkirkju um 1220: „[í Saurbæ] liggja tiundir til millum blikdals ar. oc æilifsdals ar. nema af eyri. oc vr myrdal. ef þar bua landeigendr. þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. en ef leiglendingar bua þar eða hiabuðar menn. þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. ef þav giora skiptingar tiund.“ DI I, 402.

1315: „Þa er Arni biskup vigdi kirkiu a Eyri gerdi hann þa skipan a ad Eyrar kirkia skal taka tyvnd oc lýsitolla af ollum heima monnvm þar: enn jngialldur leggur til kirkiu j saurbæ xij ær.“ DI II, 404.

Enn er kirkjunnar getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá um 1315: „[til Saurbæjar] liggja tijundir til millum blikdalzär oc eilyfsdalzar nema af eyri og yr mydal ef Þar bua landeigenndur. skulu Þeir taka heima tijund sijna oc allra hiona sinna. enn ef leiglenndijngar bua Þar eda hiabudamenn Þa skal j saurbæ gialldast tijunnd Þeirra oc hiona Þeirra. ef Þau giora skiptijngar tijunnd.“ DI III, 32.

Síðan er kirkjunnar getið í máldaga sem hefur verið tekinn saman einhverntíma á árunum 1491-1518: „Kirkian a Eyri aa .iiij. kugilldi. ... Jtem þridung veidar j lagxfossi j lagsaa.“ DI VII, 54.

1569: Biskup selur jörðina fyrir Kirkjuferju í Árnassýslu. Hvor jörð 30 hdr en 10 hdr í heimalandi er kirkjueign. DI XV, 312-314.

„Uppkot var þar sem Eyrarbærinn stendur nú, en Útkot þar sem Eyrarkot er í dag.“ Ö-Eyri og Eyrakot ath og viðb., 2.

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 eru 4 býli á jörðinni, eitt með upprunalega nafninu, annað nefnt Þorkelskot eftir ábúandanum og síðan Efrakot (8 hdr) og Neðrakot (5 hdr) sem hvorugt er talin hjáleiga. Síðan er þar ein hjáleiga, Blómsturvellir í ábúð 1705. JÁM III, 393-394.

Hjáleigur 1847 eru Eyrar-Uppkot (GK-327) og Eyrar Útkot (GK-328). JJ, 99. Heimajörðin var lögð undir Eyrar-Uppkot. HJ: Ljósmyndir I, 66.

1705: „Hætt er fyrir snjóflóðum og skriðum bæði túnum, högum, engjum og húsum og hefur nýlega þar á skaði orðið bæði túni og engi.“ JÁM III, 395.

1917: Túni 2 teigar að mestu sléttað, garðar 350m<sup>2</sup>. Uppkotið virðist sameinað heimajörðunni 1917.

**GK-326:005** varða óþekkt

370470 428658

Varða er á nyrsta Borgarhólnum (sjá 020), norðan við hæsta punkt hans, 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001. Varðan var fyrst skráð árið 2006 en var heimsótt aftur 2023.

Hóllinn er hálfgróinn, aflangur frá norðri til suðurs.

Varðan er greinilega nokkuð gömul, skófum vaxin. Hún er hlaðin á sléttri klöpp, og er u.þ.b. ferhyrnd að grunnfleti, um 0,7 m í þvermál. Varðan er þó

ekki mjög reglulega hlaðin en stendur vel og mjókkar lítillega upp. Hún er um 0,95 m há. Ekki er augljóst hvaða tilgangi varðan hefur gegnt (ef einhverjum) en hún sést ekki vel að, a.m.k. ekki heiman frá bæ.

**Hættumat:** engin hætta



*Varða 005, horft til austurs.*

**GK-326:006** tóft skemma


370495 428704

Tóft er utan í nyrsta Borgarhólnum vestanverðum, um 1,2 km norðvestur af bæjarhól 001, rétt suðaustan við sumarbústaðinn Miðbúð 2. Tóftin var fyrst skráð 2006 en var heimsótt aftur 2023.

Tóftin er í grösugri kvos og er mikil trjárækt í kringum hana. Þegar staðurinn var skráður 2006 var sumarbústaður um 10 m frá tóftinni en 2023 hafði sá bústaður verið rifinn og annar byggður sem aðeins er um 1,5-2 m norðvestan við tóftina. Grafíð hefur verið inn í brekkuna sunnan og austan við bústaðinn og er brúnin um 1 m frá tóftinni.

Fátt bendir til annars en að tóftin sé mjög ung, sennilega frá miðri 20. öld eða jafnvel yngri og tengist þá sumarbústaðnum. Þó er ekki alveg útilokað að um sé að ræða upphleðslu úr eldri tóft. Tóftin er 5 x 3 m frá norðaustri til suðvesturs og hefur verið hlaðið á þrjár hliðar en hóllinn skýlir tóftinni að austanverðu. Hugsanlega hafa verið dyr nyrst á vesturhlið, en





0 1 2 3 m

*Tóft 006, horft til norðausturs á ljósmynd.*


Þegar staðurinn var heimsóttur 2023 sást ekkert skýrt op. Veggir eru mest um 0,5 m háir og er breidd veggja um 0,6-0,8 m. Árið 2006 lágu trjágreinir og viðarkubbar í tóftinni og virðist sem hún hafi þjónað hlutverki eldiviðargeymslu fyrir sumarbústaðinn. Þegar tóftin var skráð aftur 2023 var tóftin að mestu tóm. Í miðri tóftinni er grjótkantur, um 20 cm hár og stendur suðvesturhluti tóftarinnar hærra en norðvesturhlutinn. Í norðurhlutanum er lítil ferhyrnd hleðsla og smákvistir inni í henni, mögulega eldstæði frá sumarbústaðnum eða ummerki um barnaleik. Nokkrar grenihríslur eru teknar að vaxa í tóftinni, mest um 15-20 cm háar.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**GK-326:011** þúst óþekkt

370753 427812

Rústalegur hóll er fast vestan við Silungalæk, tæpa 600 m austur af Stekkjarhól 012 og um 1,5 km ASA af bæjarhól 001. Handan lækjarins er íbúðarhús með torfpaki, Lækjarbraut 3. Staðurinn var fyrst skráður 2006 en var heimsóttur aftur 2023.



0 2 4 6 8 10 m



*Þúst 011, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Hóllinn er í grasþýfi á tungu milli tveggja lækjarspræna og er Silungalækur sá austari.

Hóllinn snýr norður-suður og er nokkuð erfitt að átta sig á mörkum hans sökum þýfis umhverfis. Hann gæti verið uppundir 40 m langur og 20 m breiður þar sem mest er. Hóllinn rís hæst syðst, allt að 2 m frá landinu umhverfis, en lækkar til norðurs. Við norðurendann er trjárækt í girðingu og var þar einnig kálgarður 2006. Fast sunnan við girðinguna er sporöskjulaga og býsna regluleg dæld í hólinn, 7-8 m í þvermál en að öðru leyti sjást engin greinileg yfirborðsummerki, t.d. hleðslur, í honum. Þegar hóllinn var skráður aftur 2023 höfðu kálgarður og girðing verið fjarlægð en tré stóðu enn við norðurenda hólsins.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**GK-326:012\_01** Stekkjarhóll tóft stekkur 370229 428082

„Út með sjónum heitir Djúpagróf. Utan við hana eru klettahólar með nokkru millibili, sem heita Borgarhólar [sjá 020] og eru aðgreindir sem Neðri-Borgarhóll og Efri-Borgarhóll.


Upp af Borgarhólunum er sá þriðji í sömu röð. Hann heitir Stekkjarhóll og er ofan vegar,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjarhóll er ofan (sunnan) Hvalfjarðarvegur um 850 m austur af bæjarhól 001 Fjórar rústir 01-04 eru uppi á hólnum og gætu verið nokkrar kynslóðir stekkjja. Alls er rústasvæðið um 50 m langt NNA-SSV og allt að 25 m breitt. Staðurinn var fyrst skráður 2006 en var heimsóttur aftur 2023 og stendur lýsing að mestu.

Stekkarhóll er áberandi, grasi-gróinn og þýfður en víða gægjast klappir og grjótt upp úr. Símastraur er nyrst á hólnum. Girðing liggur norður-suður austan við hólinn, austan hennar er þýft og fremur mýrlent. Vestan við hólinn eru framræst túnstykki.




012\_04

012\_01



012\_02





012\_03

0 2 4 6 8 10 m

*Minjar á Stekkjarhól GK-326:012.*





Stekkur 012\_01, horft til NNA á ljósmynd.

Yngst er sýnilega tóft 01 á miðjum hólnum. Hún er tvískipt, alls um 12 x 10 m frá austri til vesturs og nokkuð dæmigerð fyrir stekk. Austan til er hólfi I sem er hér um bil ferkantað þótt horn séu ávöl, um 3 x 2 m stórt að innanmáli og opið í austurátt. Mikið grjóthrun er við innanverða veggj sem ná mest um 80 cm hæð. Út frá suðvesturhorni er annað hólfi II, um 4 x 4 m stórt að innanmáli, opið í suður og hefur það sennilega verið lambakró.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**Heimildir:** Ö-Eyri og Eyrakot, 2

**GK-326:012\_02** tóft stekkur

370240 428076

Tóft 02 er fast austan við tóft 01 en miklu ógreinilegri.

Tóftin er tvískipt, um 20 m löng og 5-8 m á breidd. Syðri hluti tóftarinnar er um 10 x 8 m stórt hólfi I sem snýr norður-suður. Tóftin er mjög sigin svo hún líkist meira þústi. Líklega



Stekkur 012\_02, horft til NNA á ljósmynd.

hefur verið gengi inn að sunnanverðu. Ekki er útilokað að hún hafi verið tvískipt en það er mjög óljóst. Í beinu framhaldi frá henni til norðurs er regluleg dæld II, um 6 m löng og að minnsta kosti 1,5 m breið að innanmáli og er austurkantur hennar svo reglulegur að ætla má að þar hafi verið veggur; í honum grillir í grjóti. Hæð austurkantsins er 0,2-0,5 m og breidd er um 2 m. Norðan og vestan við dældina er stórþýft en ekki hægt að greina skýra vegg. Gengt er inn í dældina í suðvesturhorni. Hér gæti verið um eldri stekkjartóft að ræða.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eyri og Eyrakot, 2

**GK-326:012\_03** tóft óþekkt

370220 428066

Tóft 03 er um 8 m beint suður af 01.



*Tóft 012\_03, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er óljós en hægt er að skipta henni í vegg I og þúst II. Veggur I er greinilegur og liggur hann í boga norðvestur-suðaustur. Hann er um 16 m langur og 0,3 m hár, nokkuð bogadreginn og algróinn. Um 1 m innan (sunnan) við hann vottar fyrir litlu, algrónu hólfu II sem er nálægt því að vera 7 x 5 m frá austri til vesturs en það er of óljóst til að því sé hægt að lýsa nákvæmlega. Innanmál er óljóst en gæti hafa verið um 3 x 1,5 m en enginn inngangur er greinilegur. Hlutverk er óþekkt.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



GK-326:012\_04 tóft óþekkt

370243 428101

Að lokum er gróin og sigin tóft 012\_04 um 13 m norður af tóft 012\_01.



Tóft 012\_04, horft til SSV á ljósmynd.


Tóftin er einföld, um 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs en norðurhliðin er sigin og máð. Óljóst innanmál er um 2,5x1,5 m. Steinn með fuglaþúfu er í norðvesturhorni en dyr gætu hafa verið á austurvegg. Veggir eru algrónir og mest um 0,3 m á hæð, fremur litlir um sig. Hlutverk er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

GK-326:020 Borgarhólar örnefni fjárskýli

370476 428663

„Út með sjónum heitir Djúpagróf. Utan við hana eru kletthólar með nokkru millibili, sem heita Borgarhólar og eru aðgreindir sem Neðri-Borgarhóll og Efri-Borgarhóll. Upp af Borgarhólunum er sá þriðji í sömu röð. Hann heitir Stekkjarhóll [012] og er ofan vegar,“ segir í örnefnaskrá. Borgarhólarnir eru áberandi kennileiti. Sá nyrsti er um 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001, við sjóinn, miðhóllinn er um 200 m suður af honum og sá syðsti, Stekkjarhóll er hér um bil í beina línu suður af miðhólnum, fast sunnan við þjóðveg. Staðurinn var fyrst skráður 2006 en var heimsóttur aftur 2023. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.



Borgarhólar 020, horft til norðurs.

Allir eru hólarnir áberandi, hálfgrónir kletthólar og ekkert bendir til annars en að forliðurinn Borg- tengist útliti þeirra en ekki mannvirkjum. Gengið var umhverfis og upp á alla hólana en hvergi fundust borglaga mannvirki sem þeir gætu verið kenndir við.

**Hættumat:** engin hætta



**Heimildir:** Ö-Eyri og Eyrakot, 2

**GK-326:034** tóft heystæði

370612 427699

Tóft, líklega heystæði, er um 1,31 km ASA við bæjarhól 001 og um 88 m vestan Silungalækjar.

Tóftin er á stórþýfðu og mýrlendu svæði.



*Tóft 034, horft til suðurs á ljósmynd.*

Þúfnamyndun er mikil á svæðinu en minni í kringum tóftina sem gerir hana greinilegri. Veggir tóftarinnar eru um 0,3 m á hæð og um 1,5 m á breidd, þeir eru torfhláðnir en orðnir töluvert signir og nokkuð hlaupnir í þúfur. Tóftin er ferhyrnd og er hún um 5 x 5 m stór að utanmáli. Hún snýr í norðaustur-suðvestur og hefur verið innangengt í tóftina úr suðvestri. Innanmál tóftarinnar er um 3,5 x 1,5 metrar að stærð. Í miðri tóftinni eru þúfur sem líklegra er að séu náttúrulegar en veggjahrun.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-326:035** þúst rétt


370687 427694

Þúst er um 1,38 km ASA við bæjarhól 001 og um 8 m vestan við Silungalæk.

Svæðið er stórþýft og mýrlent. Girðing er fast vestan þústarinnar.

Þústin snýr í NNA-SSV og eru ytri mörk hennar mjög skýr SSV megin en fjara úr til norðurs. Utanmál hennar er um 23,5 x 8 m og er hæð hennar um 0,1 m. Um 9,5 m frá suðurenda þústarinnar virðist vera smá kantur, um 8 m að lengd, sem þverar þústina og gæti það bent





*Þúst 035, horft til suðurs á ljósmynd.*

til þess að þar hafi verið hólf. Engin innri mörk eru á þústinni, að kantinum undanskildum, né ummerki um inngang. Leifar mannvirkis úr tré eru syðst á þústinni og hefur það líklega verið ferningslaga rétt sem af gömlum loftmyndum að dæma var reist þar á síðasta áratug 20. aldar. Vegna þess hve réttin er ung er ekki víst að þetta teljist til fornleifa en mögulegt er að réttin hafi verið sett ofan á eldri minjar. Ekki sjást mannvirki á nyrðri hluta þústarinnar á loftmyndum.



**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-326:036** tóft óþekkt

370574 427489

Tóft er um 1,37 km suðaustan bæjarhóls 001 og um 73 m norðvestan Silungalækjar.

Stórþýft og mjög mýrlent svæði er til norðausturs en þurrara og mun smáþýfðara er við tóftina og til suðvesturs. Tóftin er aðeins um 135 metrum norð við fjallsrætur.



*Tóft 036, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er hringlaga og ofan á náttúrulegri upphækkun í landslaginu. Utanmál tóftarinnar er mjög ógreinilegt þar sem hún rennur nokkuð saman við umhverfi sitt. Hún er um 7 x 8 m að stærð að utanmáli og eru veggir hennar um 0,2 m á hæð, 3 m á breidd og torfhláðir. Tóftin snýr í norðaustur-suðvestur og er op á henni til norðausturs. Innanmál tóftarinnar er mjög skýrt, um 4,5 x 3 m og er hún 0,6 m þar sem hún er dýpst.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-326:037\_01** tóft óþekkt


370583 427771

Tóft 01 og garðlag 02 eru um 1,25 km suðaustan við bæ 001 og um 170 m vestan Silungalækjar. Alls ná minjarnar yfir svæði sem er um 20 x 11,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.


Umhverfis tóftina er stórþýft og mýrlent landslag. Fast austan og sunnan við minjarnar er lækjarspræna sem rennur úr mýri og í Silungalæk. Fast norðan við minjarnar er hins vegar melur.

Tóft 01 er ferhyrnd og um 4,5 x 3,5 metrar að utanmáli. Veggir eru torfhláðir, um 0.4 m á hæð og aðeins um 1 m á breidd en eru ógreinilegir á suðvesturhlið. Tóftin snýr í norðvestur-suðaustur og er opin til suðausturs í átt að garðlagi 02. Innanmál er skýrt og er það um 2,5 x 3 m að stærð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Tóft 037\_01, horft til suðausturs.*



*Minjasvæði 037, horft til norðvesturs á ljósmynd.*



**GK-326:037\_02** garðlag óþekkt

370579 427773

Garður 02 er um 2,5 metrum suðaustan við tóft 01.

Garðurinn er grannur og lágur, um 1 m á breidd og torfhláðinn. Garðurinn snýr í VSV-ANA og er bugðóttur. Hann er alls 23,5 m á lengd, um 19,5 m eru í VSV en við suðvesturendann beygir garðurinn til norðvesturs og gengur þar út aðra 4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Garðlag 037\_02, horft til suðvesturs.*

## GK-691 Fornarleifar á fleiri en einni jörð í Kjósarhreppi

**GK-691:016** gata leið

370885 428472

Leið um Hvalfjörð, meðfram ströndinni, er merkt á Herforingjaráðskort frá 1908. Leiðin er að mestu merkt sem gata á kortinu en stuttir kaflar eru merktir sem vagnvegur. Leiðin var athuguð á afmörkuðu svæði í landi Eyrar GK-326, um 1,5 km norðaustur af bæ GK-326:001.

Fjaran er grýtt á svæðinu og er brött brekka upp af henni, víðast grasi og lyngi gróin en með klettum á stöku stað.

Gatan hefur líklega að mestu legið í fjöruborðinu á þessum slóðum en um 1,5 m norðaustur af bæ á Eyri GK-326:001, liggur slóði upp úr fjörunni og til austurs meðfram brekkubrúninni, líklega á sömu slóðum og leiðin lá. Slóðinn er um 1-1,5 m á breidd og virðist hálfgróinn, en nokkur snjóþekja

var á svæðinu þegar staðurinn var heimsóttur og sást það ekki fyllilega skýrt. Slóðinn sést á um 210 m löngum kafla en hverfur þá í lúpínubreiðu vestast. Í framhaldinu er malarvegur sem liggur frá Hvalfjarðarvegi að sumarbústaðnum Harðbala á sömu slóðum og gamla leiðin. Austan þess svæðis sem skoðað var á vettvangi 2023 virðist leiðin liggja aftur niður í fjöru þegar komið er framhjá Harðbala GK-326:025 en koma aftur upp úr fjörunni sunnan við Naust GK-323:009 og virðist marka þar fyrir leiðinni á loftmynd. Vestan við svæðið sem skoðað var á vettvangi er malarvegur að sumarbústöðum í Miðbúð nú að hluta á sömu slóðum og gamla leiðin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SA 1908

**GK-691:017** heimild um leið

370532 428189

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, liggur frá leið 016 austan við Eyri GK-326 til suðausturs, framhjá Þúfukoti GK-325, Þúfu GK-324 og að Bæ GK-335. Leiðin var athuguð á afmörkuðu svæði í landi Eyrar GK-326, um 1-1,5 km austur af bæ GK-326:001.

Neðan (norðan) við núverandi Hvalfjarðarveg er að mestu þýfð grasmýri á svæðinu sem



*Leið 016, horft til VNV.*

gengið var 2023 en mólendi er austan og norðan mýrarinnar. Lækir skera leiðina á tveimur stöðum.

Á loftmynd frá 2019 markar mögulega óljóst fyrir leið á um 950 m löngum kaffa og liggur hún samhliða núverandi Hvalfjarðarvegi VNV-ASA, um 30 m norðan við veginn. Ekki sást þó skýr merki um leiðina á vettvangi, en staðurinn var heimsóttur seint í nóvember og er mögulegt að leiðin væri greinilegri á öðrum árstíma og ef svæðið væri beitt. Einnig er mögulegt að leiðin hafi verið neðar í landinu, en á loftmyndum eldri en frá 2017 markar mögulega fyrir annarri grein af leið um 65 m norðar. Á þeim slóðum eru nú ummerki um nýlega hitaveitu- og ljósleiðaralögn.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SA 1908

## V. Samantekt um sögu svæðis og fornleifar innan deiliskipulagsreits

Byggð að Eyri nær líklega aftur til landnámstíma því bærinn er fyrst nefndur í Landnámabók sem seinna heimili Svartkels (Svarðkels) hins skoska (katneska) sem sagður er hafa numið land milli Mýdalsár og Eilífsdalsár í Kjós.<sup>2</sup> Jarðarinnar er aftur getið í Sturlungu þar sem feðgar Ketill Eyjólfsson og Ljótur Ketilsson eiga að hafa búið við lok 12. aldar.<sup>3</sup> Kirkja var að Eyri og elstu heimildir um hana má finna í kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200.<sup>4</sup> Kirkjunnar er getið í máldögum fram á 16. öld<sup>5</sup> og í lok þeirrar aldar er jörðin metin á 30 hdr.<sup>6</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1705 eru fjögur býli og ein hjáleiga á jörðinni, en í Jarðatali Johnsens frá 1847 eru hjáleigurnar aðeins tvær.<sup>7</sup> Byggð hefur því verið þétt á þessu svæði a.m.k. á 17. og 18. öld og landið undir Eyrarfjalli án efa vel nýtt.

Úttektarsvæðið sem var deiliskráð í nóvember 2023 er um 1 km austan við gamla bæjarstæði Eyrar en ekki hefur verið búið á því frá miðri 20. öld.<sup>8</sup> Svæðinu var skipt í tvo reiti A og B sem samanlagt eru um 60 ha að stærð. Reitirnir eru norðan (A) og sunnan (B) við Hvalfjarðarveg og ná þeir frá fjöruborði í norðri og langleiðina upp í hlíðar Eyrarfjalls í suðri upp í um 60-80 metra h.y.s. Engin uppistandandi mannvirki eru innan reitanna tveggja.



*Mynd 1: Horft til austurs yfir norðurjaðar úttektarsvæðis A við strönd Hvalfjarðar.*

### *Reitur A neðan og norðan við Hvalfjarðarveg*

Reitur A afmarkast af fjöruborði í norðri, Silungalæk í austri og Hvalfjarðarvegi í suðri. Að vestanverðu er afmörkun svæðis bein lína úr Borgarhólum um 530 m til suðvesturs upp

2 ÍF I, bls. 56-57 og 74.

3 Sturlunga saga I, bls. 235.

4 DI XII, bls. 9.

5 DI II, bls. 404, DI III, bls. 32, DI VII, bls. 54.

6 DI XV, bls. 312-314.

7 JÁM III, bls. 393-394, JJ, bls. 99.


8 HP Kjósarmenn, bls. 403.

á veg. Varða GK-326:005 á nyrsta Borgarhól og skemma 006 eru bæði yfir 30 m utan úttektarsvæðis til norðvesturs. Engin önnur mannvirki fundust í Borgarhólum GK-326:020. Næst Hvalfjarðarvegi er nokkuð mýrlendi en svæðið er annars að mestu mólendi og melur. Tveir lækir eru nærri miðju svæðisins og heitir Djúpagróf þar sem sá austari rennur til sjávar. Hálfgróin brekka er annars niður að sjó á svæðinu og er nokkuð um kletta við ströndina á austurhelmingi reitsins. Tvær leiðir sem báðar eru merktar á herforingjaráðskort Dana frá 1908 liggja yfir svæðið frá VNV til ASA. Önnur þeirra, GK-691:016, lá meðfram ströndum Hvalfjarðar og er greinilegur slóði þar sem leiðin er merkt á kort á austurhluta reitsins rétt ofan við fjöruna. Leið GK-691:017 lá frá leið GK-691:016 til suðausturs að Bæ GK-335. Innan reits A lá leiðin u.þ.b. samhliða núverandi Hvalfjarðarvegi en litlu norðar. Óljós ummerki sjást um leiðina á loftmynd, en hún var ekki greinileg á vettvangi. Ekki fundust aðrar fornleifar innan reitsins.

#### *Reitur B ofan og sunnan við Hvalfjarðarveg.*

Reitur B er afmarkaður af Hvalfjarðarvegi í norðri og Eyrarfjalli í suðri. Að vestan er afmörkun svæðis bein lína frá Hvalfjarðarvegi um 550 m til suðvesturs yfir Stekkjarhól austanverðan upp undir fjallsrætur. Að austan er svæðið afmarkað af Silungalæk niðri við Hvalfjarðarveg og liggur gróflega í læknum einnig upp undir fjallsrætur, en mjókkar þó um 200 m til vesturs á kaffa til að sneiða framhjá rústahól GK-326:011 sem skráður var fyrst árið 2006. Rústahóllinn er um 220 m sunnan við Hvalfjarðarveg og 15-20 m austan og utan við úttektarsvæðið á vesturbakka Silungalækjar. Hóllinn er um 30 x 20 m að flatarmáli, allt að 2 m hár og snýr norðaustur-suðvestur.

Ofan við og samsíða Hvalfjarðarvegi innan norðurhluta skráningarreits B er skýr hæðótt brún eða malarholt í landslaginu sem liggur VNV-ASA. Í holtinu eru tvö stór rofabörð í norðausturhluta skráningarsvæðis og lítt gróinn malarhóll, Stekkjarhóll, stendur hátt í norðvesturhorni þess. Tóftaþyrping GK-326:012\_01-04 er efst í þessum hól, vestan og utan girðingar, en þó aðeins um 13 m utan marka framkvæmdasvæðisins. Rústasvæðið er um 50x25 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Á hólnum eru fjórar greinilegar tóftir,



*Mynd 2: Stekkjarhóll og tóftaþyrping GK-326:012\_01-04, horft til SSV í átt að Eyrarfjalli.*



tveir hugsanlegir stekkir 012\_01 og 012\_02 og tvær minni tóftir 012\_03 og 012\_04 með óþekkt hlutverk (mynd 2). eru þessi mannvirki mjög líklega frá 18. og 19. öld en ekki er óhugsandi að eldri byggingarstig leynist undir yfirborðsminjum, þó að það virðist stutt niður á klöpp á þessu svæði.

Ofan og sunnan holtsins er mjög deigt og stórþýft, grasgróið mýrlendi sem nefnist Óskipta og nær upp undir fjallsrætur Eyrarfjalls (mynd 3). Nyrst er mýrin frekar flatlend en eftir því sem nær dregur fjallshlíð eykst hallinn smátt og smátt og syðst er brattinn orðinn þó nokkur. Úr fjallinu renna þrjú megin lækjardrög sem dýpka til NNA. Tveimur vestari lækjunum hefur verið veitt í ræsi undir Hvalfjarðarveg og renna þeir í gegnum reit A niður í sjó, á



*Mynd 3: Yfirlitsmynd af svæði B ofan og sunnan Hvalfjarðarveg, horft til NNA úr hlíðum Eyrarfjalls.*

meðan sá austasti rennur í Silungalæk í norðausturhorni svæðis B. Undir einu rofabarðinu í suðausturbrún holtsins á bakka lækjar sem rennur norðaustur í Silungalæk eru þó er möguleg tóft og lítilfjörlegt garðlag GK-326:037\_01-02 með óþekkt hlutverk. Tóftin er óljós, einföld og opin til suðausturs. Garðlagið er um 2,5 m suðaustan við tóftina miðja og liggur þaðan um 4 m til suðausturs áður en það beygir til norðausturs og liggur meðfram vesturbakka lækjarins um 20 m þar sem það endar í lækjarbakkanum. Samtals er garðlagið því um 24 m á lengd. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í þessum torfhlöðnu mannvirkjum og er aldur þeirra óljós en þær virðast ungar.

Engar minjar fundust í mýrlendinu í Óskiptu í suðvesturhluta skráningarreitsins og svæðið virðist ekki hafa verið ræst fram á 20. öld. Lítið er vitað um nýtingu á svæðinu fyrr á öldum en ekki er ólíklegt að það hafi verið nýtt til slægju og beitar. Allar aðrar minjar innan reits B voru skráðar í aðeins þurrara graslendi í austur- og suðausturhluta hans, vestan Silungalækjar. Fyrir miðju svæðis um 10 m vestan við lækinn og 370 m sunnan við Hvalfjarðarveg er aflöng, kassalaga þúst eða pallur GK-326:034. Á henni eru leifar af timburbyggðri rétt frá 20. öld sem er að hrúni komin en ekki er hægt að útiloka að hún hafi verið reist á grunni eldra mannvirkis. Um 70 m frá henni til austurs er tóft GK-326:035 sem er líklega heystæði frá 18. eða 19. öld. Tóftin er lítil, einföld og virðist opin til suðvesturs en veggir eru signir. Í suðurjaðri úttekta reits er svo að lokum tóft GK-326:036 með óþekkt hlutverk í rötum Eyrarfjalls þar sem vel sést yfir láglandið. Tóftin er hugsanlega grafin inn í



hlíðina og er innanmál hennar lítil hringlaga dæld sem virðist opin til ANA. Hugsanlega gæti hafa verið hér einhverskonar skýli eða byrgi, en þó er ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Aldur er óljós.



Mynd 4: Kort af úttektarsvæði 2023 og skráðum fornleifum. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

## VI. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 14 fornleifar á 11 minjastöðum við vettvangsúttekt 2023. Yfirlit um allar skráðar fornleifar má sjá í töflu 1. Af þeim voru sjö fornleifar á sex minjastöðum skráðar innan áhrifasvæða A og B og eru þær allar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Tafla 1: Skráðar fornleifar, ástand þeirra og hættumat.

| Samtala       | Sérheiti      | Tegund  | Hlutverk  | Ástand                   | Hætta       | Ástæða           |
|---------------|---------------|---------|-----------|--------------------------|-------------|------------------|
| GK-326:005    |               | varða   | óþekkt    | hleðslur standa          | engin hætta |                  |
| GK-326:006    |               | tóft    | skemma    | hleðslur standa grónar   | hætta       | vegna rasks      |
| GK-326:011    |               | þúst    | óþekkt    | sést til                 | hætta       | vegna trjáræktar |
| GK-326:012_01 | Stekkjjarhóll | tóft    | stekkur   | hleðslur standa grónar   | engin hætta |                  |
| GK-326:012_02 |               | tóft    | stekkur   | hleðslur signar          | hætta       | vegna framkvæmda |
| GK-326:012_03 |               | tóft    | óþekkt    | hleðslur signar          | engin hætta |                  |
| GK-326:012_04 |               | tóft    | óþekkt    | hleðslur útflattar       | engin hætta |                  |
| GK-326:020    | Borgarhólar   | örnefni | fjárskyli | ekki sést til fornleifar | engin hætta |                  |
| GK-326:034    |               | tóft    | heystæði  | hleðslur signar          | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-326:035    |               | þúst    | rétt      | hleðslur útflattar       | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-326:036    |               | tóft    | óþekkt    | hleðslur signar          | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-326:037_01 |               | tóft    | óþekkt    | hleðslur signar          | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-326:037_02 |               | garðlag | óþekkt    | hleðslur signar          | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-691:016    |               | gata    | leið      | sést til                 | stórhætta   | vegna framkvæmda |
| GK-691:017    |               | heimild | leið      | ekki sést til fornleifar | stórhætta   | vegna framkvæmda |

Í reit A voru skráðar tvær leiðir GK-691:016 og 017 sem báðar er sýndar á Herforingjaráðs-korti og liggja þvert yfir svæðið. Innan reits B voru skráðir fjórir minjastaðir, allir í austur- og suðausturhluta svæðisins. Engar heimildir eru til um þessar minjar (GK-326:034-037), en líklegt er að þær séu frá 18.-20. öld. Líklegast er að minjastaður GK-326:035 sé leifar af gamalli rétt frá 20. öld.

Rústabyrpingin á Stekkjarhól GK-326:012 að vestan og rústahóll GK-326:011 við Silungalæk að austan eru aðeins um 13 til 17 m utan svæðis en minjar GK-326:005 og GK-326:006 í norðvesturhorni eru vel utan svæðis. Helgunarsvæði stekkjjar GK-326:012\_02 nær inn á úttektaarsvæðið og var hann því metinn í hættu vegna framkvæmda, en helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra. Aðrar skráðar fornminjar utan úttektaarsvæðis voru yfir 15 m frá mörkum svæðisins og höfðu fyrirhugaðar framkvæmdir því ekki áhrif á hættumat þeirra. Tvær aðrar fornleifar utan svæðis voru þó metnar í hættu, rústahóll GK-326:011 vegna trjáræktar og tóft GK-326:006 vegna rasks.

Mikilvægt er að frekara skipulag á þessu svæði verði unnið í samvinnu við Minjastofnun Íslands sem getur gefið ráðleggingar og frekara álit á skráðum minjum. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.



## Heimildir

- Birna Lárusdóttir, 2006. *Fornleifaskráning á Eyri í Kjós. Deiliskráning og aðalskráning á hluta jarðar*. FS319-06111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Birna Lárusdóttir (ritstj.), 2008. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I*. FS394-07121. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I–XV. bindi. 1857–1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- HJ:** Halldór Jónsson, 1953. *Ljósmyndir I: Húsvitjun*. Reykjavík: Átthagafélag Kjósverja.
- HP Kjósarmenn:** Haraldur Pétursson, 1961. *Kjósarmenn. Æviskrár*. Reykjavík: Átthagafélag Kjósverja.
- ÍF I:** *Íslensk fornrit I*, 1968. Íslendingabók og Landnáma. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III: Gullbringu- og Kjósarsýsla*, 1943. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].
- JJ:** Johnsen, J., 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Lög um menningarminjar 80/2012*.
- Sturlunga saga I*, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfu. Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

## Óutgefnar heimildir

- Túnakort 1917:** Túnakort Kjósarhrepps. 1917. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.
- Loftmyndir ehf:** Loftmynd frá Loftmyndum ehf.
- Ö-Eyri og Eyrarkot:** Örnefnalýsing Eyrar og Eyrarkots. Ari Gíslason skráði eftir Hirti Þorsteinssyni og Pétri Magnússyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Eyri og Eyrarkot ath. og viðb.:** Athugasemdir og viðbætur Ólafíu Pétursdóttur við örnefnalýsingu Eyrar og Eyrarkots. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



## Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

| Samtala       | X (A)  | Y (N)  |
|---------------|--------|--------|
| GK-326:005    | 370470 | 428658 |
| GK-326:006    | 370495 | 428704 |
| GK-326:011    | 370753 | 427812 |
| GK-326:012_01 | 370229 | 428082 |
| GK-326:012_02 | 370240 | 428076 |
| GK-326:012_03 | 370220 | 428066 |
| GK-326:012_04 | 370243 | 428101 |
| GK-326:020    | 370476 | 428663 |
| GK-326:034    | 370612 | 427699 |
| GK-326:035    | 370687 | 427694 |
| GK-326:036    | 370574 | 427489 |
| GK-326:037_01 | 370583 | 427771 |
| GK-326:037_02 | 370579 | 427773 |
| GK-691:016    | 370885 | 428472 |
| GK-691:017    | 370532 | 428189 |





## **Viðauki II: Minjakort**

Kort á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.







GK-326:006

GK-326:005

GK-326:020

GK-691:016

GK-691:017

GK-326:012\_01

GK-326:012\_04

GK-326:012\_03

GK-326:012\_02

GK-326:011

GK-326:037\_01

GK-326:037\_02

GK-326:034

GK-326:035

GK-326:036

0 100 200 300 m